

Samgönguskipulag og sjálfbærni. Ólöf Kristjánsdóttir, Mannvit
- apríl 2019.

Í samantektarkafli skýrslunnar segir: „Það er hagur Vegagerðarinnar, sveitarfélaga og allra vegfarenda að á öllum stigum við skipulagsgerð sé hugað að vistvænum samgöngumátum, almenningssamgöngum, hjólreiðum og göngu, því þannig má halda fjölda ökutækja á þjóðvegum í lágmarki, eða a.m.k. hægja á fjölgun þeirra og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif samgangna. Samgöngumiðað skipulag stuðlar einnig að þessu, með því að skipuleggja byggð þ.a. ferðir verði sem stýstar og fólk getið notað almenningssamgöngur, hjólreiðar og gengið sem flestar ferða sinna.“

Í Bretlandi fá samgöngur stóran sess í skipulagsgerð og er mikil áhersla á áhrif samgangna þegar hanna á skipulag með sjálfbærni, heilbrigði og öryggi að leiðarljósi. Í skýrslunni er fjallað um breskar reglur og leiðbeiningar um hvernig stuðla beri að sjálfbærum samgöngum í skipulagsgerð. Fram kemur að skipulagsgerð ætti að stýra staðsetningavali uppbyggingar, m.a. með því að lágmarka þörf fyrir ferðir og bjóða upp á valkosti í ferðamátavali.

Í skýrslunni er líka fjallað lauslega um skipulagsgerð á Íslandi með tilliti til hvaða leiðbeiningar og kröfur eru gerðar til greininga á samgöngumálum. Það er borið saman við bresk gögn og fram kemur að í bresku gögnunum er meiri áhersla á að nota greiningar og hönnun til að lágmarka þörf fyrir ferðir og hámarka möguleika framtíðarnotenda til að nota sem mest sjálfbæra samgöngumáta.

Bent er á að taka mætti stefnu héraendis um sjálfbærar samgöngur fastari tókum í skipulagsgerð og gera skýrari kröfur um samgöngugreiningar strax á frumstigi skipulagsgerðar. Með því mætti tryggja að öll tækifæri og allir möguleikar til að gera samgöngur sjálfbærari séu nýttir. Hafa má hliðsjón af aðferðum Breta í þessu sambandi.